



Fundur í byggðaráði

3. fundur byggðaráðs Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3 fimmtudaginn 14. mars 2019. Fundur var settur kl. 12:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson, formaður, Mirjam Blekkenhorst, Siggeir Stefánsson og Elías Pétursson sveitarstjóri. Auk þess sat Jónas Egilsson fundinn og ritaði fundargerð.

Halldór Rúnar Stefánsson sat fundinn undir lið 3.

Formaður setti fund og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Hann lagði til að nýjum lið *Hafnartanga 2b* yrði bættist aftast við dagskrána. Samþykkt.

Að því búnu var gengið til dagskrár.

Fundargerð

1. Beiðni sýslumanns um umsögn vegna rekstrarleyfis Bárunnar

Lagt fram erindi Sýslumannsins á Norðurlandi eystra með beiðni um umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis, dags. 12. mars 2019. Umsækjandi er KNA veitingar Eyrarvegi 3 fyrir hönd Bárunnar. Með erindinu fylgir umsókninni.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina fyrir sitt leyti.

Samþykkt.

2. Boðun aukaaðalfundar Eypings 2019

Lagt fram boð vegna aukaaðalfundar Eypings 9. apríl nk. kl. 13 á Hótel KEA.

Mirjam Blekkenhorst lýsti sig vanhæfa við afgreiðslu þessa máls og vék af fundi kl. 12:08 og sæti hennar tók Halldór Rúnar Stefánsson.

3. Erindi Ytra Lóns ehf. vegna gámaeininga, sent 18. febrúar 2019

Lagt fram erindi Ytra Lóns ehf., dags. 6. febr. 2019, vegna hlutar Fræs ehf. í Ytra Lóni ehf.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að ræða við forsvarsfólk Ytra Lóns ehf. Með það fyrir augum að fá fyllri mynd af hugmyndinni.

Samþykkt.

Halldór Rúnar Stefánsson vék af fundi kl. 12:23 og Mirjam Blekkenhorst tók sæti að nýju á fundinum.

4. Jarðbindingar húsa

Gögn frá Rafeyri o.fl. lögð fram um rafgæðamælingar, jarðskaut og rafmagnsgæði á íprótt húsi og sundlaug á Þórshöfn og víðar ásamt kostnaðaráætlunum.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að skoða málið nánar og gera síðar tillögu til byggðaráðs.



Samþykkt.

5. Skipan í hverfaráð

a) Lögð var fram svohljóðandi tillaga um um skipan hverfaráð Bakkafjarðar:

Áki Guðmundsson, Freydís Sjöfn Magnúsdóttir og Gunnlaugur Steinarsson. Til vara: Rósa Björk Magnúsdóttir og Hafliði Jónsson. Ráðið skiptir með sér verkum sjálf.

b) Lögð var fram svohljóðandi tillaga um um skipan hverfaráðs dreifbýlis:

Þórður Úlfarsson, Steinunn Halldórsdóttir og Kristinn Lárusson. Til vara Reimar Sigurjónsson og Sverrir Möller. Ráðið skiptir með sér verkum sjálf.

Samþykkt.

6. Áhrif loðnubrests á rekstrarafkomu Langanesbyggðar 2018

Sveitarstjóri fór yfir áhrif loðnubrests á rekstur sveitarfélagsins og lagði fram tillögu þess efnis að fjárhagsáætlun 2019 verði tekin upp og endurskoðuð.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að hefja vinnu við endurskoðun fjárhagsáætlunar 2019 og leggja tillögu fyrir næsta fund byggðaráðs.

Samþykkt.

7. Ráðning forstöðumanns Þjónustumiðstöðvar

Fram lagðar umsóknir um starf forstöðumanns Þjónustumiðstöðvar Langanesbyggðar ásamt mati ráðgjafa.

Samþykkt fela sveitarstjóra að ræða við tiltekinn umsækjanda í samræmi við umræður fundarins og kynna fyrir byggðaráði.

8. Hafnartangi 2b

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra heimilað að ganga frá skilyrtum kaupsamningi við Bylgju Dögg Sigurbjörnsdóttur og Jón Marinósson um sölu á Hafnartanga 2b.

Samþykkt.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:54.